

Sveinbjörn M. Njálsson skólastjóri Álftanesskóla

Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar

Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður skólanefndar grunnskóla Garðabæjar

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla og fulltrúar foreldra í skólaráði gera athugasemdir við drög að skóladagatali sem skólastjóri lagði fram á fundi skólaráðs þann 28. janúar 2015 til kynningar og umsagnar.

Tillaga skólastjórnenda er að vetrarfrí skólaárið 2015-2016 í grunnskólum Garðabæjar verði vikuna 8.–12. febrúar þar sem bolludagur, sprengidagur og öskudagur falla undir.

Foreldrafélag Álftanesskóla í samstarfi við Álftanesskóla og félagsmiðstöðina Elítuna hafa staðið að myndarlegri öskudagsskemmtun í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi undanfarin ár. Nemendur í 10. bekk hafa að stórum hluta komið að undirbúningi þessa dags með stuðningi foreldra og starfsmanna félagsmiðstöðvar. Dagur þessi hefur verið einn stærsti liður í fjáröflun nemenda fyrir útskriftarferð þeirra að vori. Hluta af ágóða þessa dags hafa nemendur varið í góða gjöf til samfélagsins og félagsmiðstöðin Elítan notið góðs af.

Dagurinn hefur öðlast mikinn sess í okkar nærsamfélagi og öskudagsskemmtunin er yngstu bæjarbúunum mikið tilhlökkunarefni. Að óbreyttu skóladagatali er fyrir séð að ekki verði af öskudagsskemmtuninni. Leyfum börnunum að njóta bæði öskudagsins og vetrarleyfisins og stuðlum þannig að mikilvægum samverustundum foreldra og barna.

Garðabæ, 17. febrúar 2015

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla

Fulltrúar foreldra í skólaráði Álftanesskóla